

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfisnefnd Alþingis
Sendandi: Umhverfissráðuneytið
Dagsetning: 29. mars 2000
Málsnúmer: 98120062
Bréfalykill: 0012

Efni: Svar við fyrirspurn í nefndinni.

Óskað var eftir svári ráðuneytisins við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða röksemdir liggja að baki 1350 tonna viðmiðinu í tölulið 11. í 1. viðauka við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum?

Ákvæðið er samhljóða ákvæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í tilskipun ESB 85/337 segir:

8. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1350 tonn geta siglt um.

Í tilskipun ESB 97/11 segir:

- a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1350 tonn komast um.
- b) Viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1350 tonn geta lagst að.

Notað er það viðmið sem tilskipunin segir til um. Ekki liggja fyrir rök ESB.

2. Heimilar tilskipun ESB 97/11 setningu 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum?

Ráðuneytið hefur farið ýtarlega yfir tilskipun 97/11 og telur að í tilskipuninni felist ekki stefnubreyting hjá Evrópusambandinu um að það hafi ætlað sér að víkja frá þeirri stefnu sem dómstóll Evrópusambandsins hefur markað hvað varðar, framkvæmdir sem hlotið hafa leyfi eða sótt hafa um leyfi fyrir gildistöku tilskipunarinnar 97/11. Málið hefur einnig verið rætt við fulltrúa ESA og hafa engar athugasemdir komið fram af hálfu stofnunarinnar.

Í dómi Evrópudómstólsins C- 81/96 lið 23 vegna gildistöku tilskipunar 85/337 hjá Evrópusambandinu segir:

„However, since the directive does not make provision for transitional rules covering projects in respect of which the consent procedure was initiated before 3 July 1988 and which were still in progress on that date, the Court has held that principle does not apply where the application for consent for a project was formally lodged before 3 July 1988. It has stated that formal criterion is the only one which accords with the principle of legal certainty and enables the effectiveness of the directive to be safeguarded (Case C-431/92 *Commission v Germany* (1995) ECR I-2189, paragraph 32).“

Í lið 27 í Case C-81/96 segir einnig:

" Accordingly, where, as in the main proceedings, *for reasons inherent in the applicable national rules*, (skáletrun ráðuneytisins) a fresh procedure is formally initiated after 3 July 1988, that procedure is subject to the obligations regarding environmental assessments imposed by the directive."

Einnig kemur skýrt fram í dómi C-81/96 að dómstóllin telur það nægja að umsóknarferillinn hafi verið hafinn fyrir gildistöku tilskipunar til þess að hún eigi ekki við sbr. lið 24 en þar segir:

"The reason for that is that the directive is primarily designed to cover large-scale projects which will most often require a long time to complete. It would therefore not be appropriate for the relevant procedures, which are already complex at national level and which were formally initiated prior to the date of the expiry of the period for transposing the directive, to be made more cumbersome and time-consuming by the specific requirements imposed by the directive, and for situations already established to be affected by it."

Ofangreindur dómur Evrópudómstólsins Case C-81/96 á hins vegar að öðru leyti ekki við þar sem hann fjallar um framkvæmd þar sem nýr samþykktarferill framkvæmdarinnar hófst eftir gildistöku tilskipunar 85/337.

Einnig er rétt að benda á lið 13 í viðauka 2 við tilskipun 97/11 en í honum segir:

Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í I. eða II. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið.